



Vikuna 27. til 31. mars halda Samtök fjármálafyrirtækja upp á alþjóðlega fjármálalæsisviku.

HÖSKULDUR MARSELÍUSARSON
hoskuldur@vb.is

Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir að í alþjóðlegu fjármálalæsisvikunni sem samtökin halda upp á, ásamt systursamtökum sínum víðs vegar um Evrópu, verði lögð alveg sérstök áhersla á fjármálalæsi og reynt að vekja athygli á hve nauðsynlegt er fyrir fólk að tileinka sér grunnþætti fjármála sem fyrst á lífsleiðinni. Af því tilefni halda samtökin ráðstefnu í samvinnu við Stofnun um fjármálalæsi 29. mars þar sem einblínt verður á unga fólk og fjármálalæsi.

Verkefnið Fjármálavit sem samtökin halda úti snýst einmitt um að kynna fjármálalæsi fyrir grunnskólabörnum, þá sérstaklega börnum í efstu bekkjunum. Verkefnið hóf göngu sína í mars árið 2015, en á dögunum gerðust Landssamtök lífeyrissjóða einnig aðilar að verkefninu til þess að styrkja það enn frekar.

„Þetta er þriðja skólaárið sem við bjóðum öllum skólum upp á það að fá heimsókn í 10. bekki grunnskólanna. Við spjöllum við nemendurna um fjármál, sýnum þeim myndbönd og svo vinnum við með þeim verkefni,“ segir Kristín en hún leggur áherslu á að ekki sé um neina kynningarstarfsemi fyrirtækja að ræða.

Skólarnir fagna hlutlausri kynningu

„Skólarnir fagna því að Fjármálavit er hlutlaus vettvangur, þannig að starfsfólkið er ekki merkt sínum fyrirtækjum. Markmiðið er að útbúa námsefni um fjármál, fyrir krakka á þessum aldri, sem kennarar geta síðan nýtt til þess að kenna um fjármál, hvort sem það er í lífsleikni eða bara í sérfagi.“

Kristín segir viðtökurnar vera mjög góðar, en fjármálalæsi hefur ekki verið sérstakt fag í skólum hingað til, þó eitthvað sé komið inn á það í stærðfræði og heimilisfræði svo dæmi megi nefna.

„Það eru allir sammála um að þetta er þarf, svo það er okkar skoðun hér hjá Samtökum fjármálafyrirtækja að fjármálalæsi eigi að vera sérfag og fest í sessi í námsskrá,“ segir Kristín sem sér um að halda utan um heimsóknirnar, en hún segir það hafa verið ákveðna áskorun að komast með verkefnið inn í skólana.

„Síðan sáu skólarnir að þetta var gott og samfélagslega jákvætt verkefni sem var hlutlaust og án kynninga. Þeir taka þessu yfirleitt vel og þiggja mjög gjarnan heimsókn.“

Þetta virkar þannig að starfsfólk á okkar vegum, sem er þá starfsfólk í aðildarfélögum samtakanna, sem eru bankarnir, tryggingafélög, kortafyrirtækin, sparisjóðirnir og svona minni



Kristín Lúðvíksdóttir hefur staðið fyrir verkefninu Fjármálavit á vegum SFF síðan það hóf göngu sína í mars 2015, en í gegnum það kynna starfsmenn aðildarfélaga samtakanna nauðsyn fjármálalæsis í skólum.

VB MYND/HAG

verðbréfafyrirtæki, býður sig fram til að fara í skólana. Þangad mætir það með staðlað náms-

efni frá okkur, sem dugir fyrir eina 80 mínútna kennslustund.“ Kristín segir þó að samtök-

in séu með meira námsefni sem kennarar hafi aðgang að og geti tekið til kennslu ef þeir vilja.

„Kennarar eru alltaf með okkur í kennslustundinni, en við litum á þetta sem ákveðna kynningu, svona „teaser“, en þessi stutta kennslustund er fljót að líða, því þetta er mjög skemmtilegt. Nú eru kennarar farnir að þekkja efnið og hafa samband við okkur að fyrra bragði og biðja okkur um að koma,“ segir Kristín sem segir að þó að margir séu viljugir að nýta kennsluefnið frá samtökunum sé þetta oft spurning um tíma.

„Þannig að næsta ár, fyrst þetta hefur fengið svona góða kynningu, viljum við setja meiri kraft í að hjálpa þeim kennurum sem sýna því áhuga á að nota efnið og vilja taka þetta lengra. Við viljum hjálpa þeim og veita þeim stuðning til þess að kenna efnið okkar.“

Börn farin að vinna meira

» Kristín Lúðvíksdóttir segir heimsóknirnar í grunnskólana vera fyrst og fremst til þess að ýta við nemendunum að vera meðvitaðir um fjármál. „Við erum að fá þau til þess að hugsa, á sama tíma og við einblínum á að hafa þetta ekki of flókið eða leiðinlegt,“ segir Kristín. „Við erum að ræða um markmiðasetningu, eins og hvað þau langi að gera í framtíðinni og hvernig þau ætli að láta drauma sína verða að veruleika. Hvernig þau nái markmiðum sínum og geti sparað fyrir því sem þau stefna að. Síðan koma óvæntar upptækur eins og gerist í raunveruleikanum.“ Kristín segist taka eftir því að börn á þessum

aldri séu farin að vinna meira en var við upphaf verkefnisins. „Þau eru mjög meðvituð um launaseðilinn, þannig að við ræðum hann,“ segir Kristín. „Síðan skoðum við kostnaðinn af því fyrir þau að reka sjálfan sig í eitt ár, en eitt verkefnið ber heitið Hvað kostar ég?, en á þessum aldri eru þau mikið að spá í það hvað síminn kosti, svo er það hvað tölvan, bíllinn, og loks heimsreisan sem þau dreyma um kosti,“ Kristín segir einnig rætt um hvað það kosti að safna sér fyrir íbúð. „Það er til dæmis eitt verkefnið, að láta þau sjá fyrir sér hvernig hægt sé að spara fyrir innborgun í íbúð.“